

Kennslumálasjóður Háskóla Íslands – Lokaskýrsla

1.1. Styrkþegi:	Brynja Þorgeirsdóttir
1.2. Kennitala:	141174-5179
1.3. Starfsheiti:	Lektor
2. Heiti verkefnis:	Brotthvarf og aðstæður BA nema í Íslensku sem öðru máli
3. Styrktarár:	2023
4. Sundurliðaður kostnaður:	<p>Styrkurinn, sem var 1.500.000 ISK, var nýttur til þess að greiða Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir að gera spurningakönnun meðal núverandi og fyrrverandi BA nemenda í Íslensku sem öðru máli varðandi ástæður þess að þau hafa hætt námi við námsleiðina án þess að útskrifast, eða ætla að hætta. Einnig að kanna markmið nemenda með náminu og bakgrunn og mögulega tengingu þessa við brotthvarf af námsleiðinni.</p> <p>Tilboð Félagsvísindastofnunar hljóðaði upp á 1.174.000 ISK, viðbættur kostnaður fólst í fjórum ítrekunum sendum í tölvopósti og einni SMS sendingu, auk nánari greiningar á fáeinum atriðum í niðurstöðuskýrslu stofnunarinnar. Samtals: 1.500.000 ISK.</p>
5. Framvinda verkefnis:	<p>Sótt var um styrk til að kortleggja ástæður þess að nemendur hætta í BA námi í Íslensku sem öðru máli. Um helmings fækkun verður eftir hvert námsár og aðeins tæpur fimmtungur þeirra sem skráir sig í nám á fyrsta ári útskrifast af námsleiðinni. Styrkur Kennslumálasjóðs samkvæmt umsókn var til að greiða fyrir könnun Félagsvísindastofnunar á ástæðum brotthvarfsins. Verkefnið hefur skilað því sem til var ætlast. Niðurstöðurnar verða svo í framhaldinu nýttar til að finna leiðir til að hækka endurkomuhlutfall nemenda, og þróa námsgreinina, kennsluhætti og þjónustu við nemendur.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Maí 2023: Fjögurra manna vinnuhópur kennara við námsleiðina Íslenska sem annað mál tók þátt í mótun spurninga í könnuninni með verkefnisstjóra frá Félagsvísindastofnun. • Sept.-okt 2023: Gagnaöflun fór fram 18. september til 18. október. • Nóv 2023: Skýrsla Félagsvísindastofnunar barst þann 9. nóvember. Skýrsluna, „Brotthvarf nemenda við námsleiðina Íslenska sem annað mál“, má finna hér. • Des. 2023: Styrkþegi (Brynja Þorgeirsdóttir) kynnti niðurstöður á námsbrautarfundi 11. desember og stýrði umræðum. Glærur má nálgast hér. <p>Niðurstöðurnar gefa til kynna mikilvæg tækifæri til úrbóta, svo sem breytingar á verklagi, skipulagi, þróun kennsluhátta og kennslumeningar, sérstaklega hvað varðar nemendamiðaða kennslu, upplýsingagjöf, utanumhald og tækifæri til fjarnáms. Fyrirséð er að námsleiðin Íslenska sem annað mál muni vaxa enn frekar á komandi árum með fjölgun fólks af erlendum uppruna í landinu. Könnunin er mikilvægur grunnþáttur í áframhaldandi vinnu við kennslufræðilega þróun á námsleiðinni og umgjörð hennar.</p>
6. Framhald:	<p>Stofnaður verður vinnuhópur meðal kennara námsgreinarinnar til að móta vegvísi að aðgerðum til að auka endurkomuhlutfall innan námsgreinarinnar með tilliti til niðurstaðna könnunarinnar. Styrkþegi (Brynja Þorgeirsdóttir) mun greina niðurstöður könnunarinnar enn frekar og birta ritrýnda grein um efnið 2024. Auk þess verða niðurstöður kynntar á Hugvísindapingi og Menntakviku 2024. Í grunnögnum komu fram mikilvægar upplýsingar um samsetningu nemendahópsins sem verður unnið úr til að kortleggja hópinn. Gefinn var kostur á opnum svörum við nokkrum spurningum og verður gerð þemagreiningu á þeim. Til þessarar greiningarvinnu hefur fengist kennsluafsláttur á vormisseri 2024 og verður verkið unnið sem hluti af lokanámskeiðinu í diplómanámi í Kennslufræði Háskóla.</p>